

FJARAN

Fyrst þegar ég kom að Melum á Kjalarnesi um vorið 1957 þá var farið með bát niður í fjöruna á vagni sem lítill traktor dró. Farið var á landamörkum Mela og Norðurkots. Núna 2007 væri þetta ekki hægt vegna þess að allur sandur sem lá upp að fjörukambinum þarna er farinn og hæðarmunur því mikill. Þar sem áður sáu smá grjótnibbur upp úr sandinum eru nú grjótgarðar, berar klappir eða gróf möl. Þar sem áður var stunginn upp fjörumaðkur eru nú klappir og grjót, sama hvort litið er út að Hjarðarnesi eða inn að ósi Kíðafellsár. Á árunum frá 1957 og fram til 2000 fór ég oft á sjó með Indriða Einarssyni bónda á Melum. Mér finnst eins og breytingin á fjörunni hafi mest orðið síðustu árin ca. 1999-2007.

Bjarni Þ Guðmundsson
Kt. 120841-7269

Bjarni Þ. Guðmundsson ágúst 2007